

Norðurljós

Fréttabréf starfsmanna Norðuráls

7. tbl. 1 júní 2010

RITEYJÓRAR: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason

ÁBYRGÐ: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Brian Daniel Marshall, Bjarni I. Björnsson, Elísabet Sveinsdóttir, Fjalar Ríkarðsson, Jón H. Sveinsson, Jóna Björk Sigurjónsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, Þóra Jónsdóttir

Meðal efnis í þessu blaði...



Gunnar Guðlaugsson:

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn.

Framundan eru spennandi mánuðir - sumarfrí með fjölskyldum okkar og öllu því góða sem fylgir íslenska sumrinu. Svo að við, fastráðna starfsfólkið, komumst í frí, eru nú á annað hundrað sumarstarfsmenn í öllum deildum fyrirtækisins komnir til starfa. Ég vil bjóða þá alla hjartanlega velkomna til okkar og vona að þeir fái góðar og hlýjar móttökur frá þeim sem hér starfa allan ársins hring. Eins og endranær vil ég biðja ykkur öll um að hafa sérstaklega í huga öryggi ykkar og samstarfsmanna þar sem það er forgangsmál og meginmarkmið okkar hjá Norðuráli að allir komi ætíð heilir heim.

Nú stendur yfir undirbúningur vegna fjölskyldudags Norðuráls sem haldinn verður 12. júní. Á þessum degi viljum við þakka

ykkur öllum – og fjölskyldum ykkar – fyrir framlag ykkar til Norðuráls um leið og við gefum fjölskyldunum betri innsýn inn í það starf sem fram fer hjá okkur. Boðið verður upp á rútuferðir inn á svæðið auk þess sem margt annað verður til skemmtunar. Hátíðin sjálf verður á sama stað og fjölskyldudagurinn sem haldinn var í tilefni 10 ára afmælis Norðuráls 2008. Dagskráin er auglýst nánar í þessu blaði. Ég vona að sem flest ykkar sjái sér fært að mæta og hvet ykkur til að bjóða bæði fjölskyldum og vinum að koma og njóta dagsins með okkur.

Að lokum vil ég óska okkur öllum til hamingju með nýtt baðhús sem nú er komið í notkun en þar er aðstaða öll til fyrirmyndar.

Kær kveðja,

Nýtt lógó lítur dagsins ljós

Nýtt merki Norðuráls var kynnt fyrir starfsmönnum á Grundartanga 12. maí s.l. Það var Ragnar Guðmundsson forstjóri fyrirtækisins sem kynnti merkið um leið og hann fór yfir horfurnar á álfmarkaðnum í komandi framtíð. Dýrindis kaka var borin fram og gæddi starfsfólk sér á henni um leið og ljúf tónlist var flutt af þeim Agli Ólafssyni og Birni Thoroddsen. Sjá myndir í aftar blaðinu.



NORÐURÁL
CenturyALUMINUM



Hvannadalshnjúkur engum líkur


Mikil útivistarvakning á sér nú stað meðal Íslendinga og eru starfsmenn Norðuráls engin undantekning. Sex starfsmenn lögðu af stað austur að Skaftafelli 30. apríl með það að markmiði að ganga á Hvannadalshnjúk daginn eftir. Gist var í Vesturhúsum hjá Hofi, og var haldið upp Sandfellsleið til fundar við þann háa kl. 5 að morgni. Menn voru nokkuð brattir til að byrja með og gekk ferðin allvel upp að jökulröndinni. Í rúmlega þúsund metra hæð var fallbeltið, karabían, og öryggislínan tekin fram og menn tengdir en framundan var ein lengsta snjóbrekka sem finnst á jöklum hér á landi - en hún nær upp í 1800 metra hæð. Þessi brekka hefur fengið nafnið „brekka dauðans“. Við tók slétta, en þá eru um 4 km eftir að hnjúknum sem rís um 300 metra upp af meginjöklinum. Snjórinn var gljúpur og djúpur og fóru ýmis óþægindi að gera vart við sig. Krampi í lærum og eymsli í nára gerðu göngumönnum lífið leitt. Til að bæta

var afbragðsskyggni og útsýnið óviðjafnanlegt. Þarna uppi var golukaldi og 7 - 9° C frost. Vindkælingin var mikil, því eins og gefur að skilja er ekkert skjól á hæsta tindi landsins.

Eftir mikil fagnaðarlæti, myndatökur og sigurgleði göngumanna



Pétur, Árni, Óskar Úlfar, Þröstur, Trausti og Sigurður Axel



„Brekka dauðans“ fetuð - skref fyrir skref. Haft er fyrir satt að einn göngumanna hafi talið skrefin og komist að raun um að brekkan sé rúmlega 12 þúsund skref.



gráu ofan á svart skall á þoka svo að skyggni var lítið og hnúkurinn ekki sýnilegur í dágóða stund. Því var gengið eftir GPS-tæki. Skyndilega birtist tignarlegur Hvannadalshnjúkurinn í þokunni og blasti við göngumönnum klakabrynjaður. Ísbroddar voru spenntir á skóna, hnjúkurinn klyfinn og tindinum náð eftir rúmlega 8 klukkustunda göngu. Uppi á tindinum

var haldið niður og gekk ferðin bærilega. Alls tók ferðin 13 klukkustundir, en leiðin mælist alls 24 km og heildarhækkunin er rúmlega 2000 metrar.

Mögnuð ferð var að baki og fjallaferð sem seint gleymist.

Ný tegund af öryggisskóm

Í sumar verður tekin í notkun ný gerð af öryggisskóm. Þetta eru kanadískir skór frá framleiðandanum Royer sem hafa sérstaklega verið þróaðir fyrir álver í samvinnu við ALCOA. Fljótlega verður framleiðslu á Arbejsko öryggisskónum hætt, en Norðurál hefur notað slíka skó s.l. 10 ár. Nýju öryggisskórnir frá Royer hafa mun hærra öryggisstaðla sem felast m.a. í hærra viðnámi og þeir verja þar af leiðandi starfsmenn betur fyrir hærra rafstraum, þeir eru hærra sem varna því að bráðinn málmur fari ofan í skóinn og ristarvörn sem gefur mikið öryggi ef þungur hlutur fellur á ristina.

Þegar eru um 80 skópör komin í umferð, en þeim hefur aðallega verið dreift á meðal nýrra starfsmanna. Sending með



um 600 skópörum er væntanleg í byrjun júní en henni verður dreift í samráði við lagerfólk og stjórnendur vinnuhópanna. Þessari innleiðingu verður að fullu lokið þann 1. september.

Hvað gerum við svo við gömlu skóna? Fólk er frjálst að hafa gömlu skóna með sér heim og nota eftir þörfum s.s. við garðslátt og þess háttar. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins, eru slík slys alltaf að verða fátíðari með bættu öryggi á sláttuvélum en á hverju ári kemur eitt og eitt slíkt slys fyrir. Slysinn verða nærri undantekningarlaust þegar viðkomandi er að bakka með vélina, fellur við og þá skapast hættan á að fótur verði undir. Verum ábyrg heima og að heiman. Notum persónuhlífar sem verja okkur gegn slysum.

Fjölskyldudagurinn

Óhætt er að fara að hlakka til 12. júní en þá verður **Fjölskyldudagur Norðurláls** haldinn í fimmta sinn. Hann var síðast haldinn í ágúst 2008 í blíðskaparveðri og mátti sjá bros á ungum andlitum eins og myndirnar bera með sér. Hér á baksíðunni er auglýsing og koma allar helstu upplýsingar um daginn fram í henni. Framkvæmdastjórn Norðurláls hvetur starfsmenn til að mæta með fjölskylduna og gleðjast saman. Fjölskyldur þeirra sem eru á vakt þennan dag eru sérstaklega hvattar til að koma og eiga saman góða stund.



Velferðarmálin okkar

Í upphafi þessa árs var framkvæmd vinnustaðgreining sem gaf til kynna upplýsingar um líðan og viðhorf starfsmanna til vinnustaðarinnar með það að markmiði að kortleggja styrkleika fyrirtækisins og tækifæri til úrbóta. Starfsmenn hafa nú fengið stutta kynningu á niðurstöðum þessarar greiningar, hver í sinni deild. Greiningin bendir til að einhverjir starfsmenn upplifi einelti á vinnustaðnum. Það er að sjálfsögðu óásættanlegt og í framhaldinu var gripið til róttækra aðgerða. Í fyrsta lagi fengum við til liðs við okkur

Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur sem er sálfræðingur og einn helsti sérfræðingur landsins um hvernig megi fyrirbyggja og bregðast við einelti. Þórkötla er búin að vera með þrjú námskeið á Glym fyrir stjórnendur sem tókust afar vel og var gerður góður rómur að. Í öðru lagi er búið að efla velferðarnefndina og skipa hana nú fimm starfsmenn í stað þriggja áður. Nefndina skipa Anna Þórðardóttir starfsmaður í steypuskála, Brian Marshall fræðslustjóri, Pétur Svanbergsson öryggisfulltrúi, Rakei



Heiðmarsdóttir starfsmannastjóri og Trausti Gylfason öryggisstjóri. Velferðarnefndin er þessa dagana að yfirfara stefnu Norðurláls í velferðarmálum og verkferla nefndarinnar þegar til hennar er leitað. Þá er einnig ráðgert að allir starfsmenn Norðurláls fái tækifæri til að komast á námskeið hjá Þórkötlunni á komandi vetri til að læra hvernig við öll getum fyrirbyggt einelti og brugðist við ef einelti kemur upp.

Við kynnum nýtt merki



Það var góð stemning þegar nýtt merki Norðuráls var kynnt fyrir starfsfólki á Grundartanga...



Fræðsla:

Tjáðu þig maður...!

Rannsóknir sýna að almennt óttast fólk fátt meira en að koma opinberlega fram og halda ræðu. Það að standa upp og segja nokkur orð er ekki sjálfgefið, enda er fæðumst við ekki ræðusnillingar, ekki frekar en t.d. fótboltsnillingar eða píanóleikarar— æfingin skapar meistarann í þessu eins og öllu öðru. Það krefst þjálfunar að flytja ræðu svo vel sé. Um daginn fengum við til okkar Eddu Björgvinsdóttur, leikara með meiru, sem miðlaði góðum punktum og ábendingum um hvernig maður ber sig að þegar halda skal ræðu og hafði fólk gott og gaman af.



Edda Björgvinsdóttir kenndi starfsmönnum hvernig maður tjáir sig af öryggi og festu

HAGFRÆÐING SKILAR MESTU

Það er í mörg horn að líta þegar eitt stykki álver er byggt og því þarf að binda vel um hnútana. Nýlega flutti hönnunarhópurinn sem staðsettur hefur verið á skrifstofum HRV í Hafnarfjörð og þar hefur verið sett upp verkefnaskrifstofa. Með þessu sparast bæði tími og peningar því húsnæðið er einkar hentugt fyrir starfsemina. Starfsmenn þar eru um 35 þessa stundina en gera má ráð fyrir um 60 manna hópi. Húsnæðið er við Reykjavíkurveg 74 þar sem gamli lðnskólinn í Hafnarfirði var áður til húsa. Verkefnaskrifstofur eru síðan einnig við byggingarsvæðið í Helgúvík.

Í Helgúvík er starfað eftir ákveðnum gildum sem David Kjos, framkvæmdastjóri í Helgúvík og aðrir stjórnendur verkefnisins hafa unnið að og eiga að einkenna megináherslur á byggingartímanum.

„ Eitt af grunngildum við hönnun nýja álversins er að það verði fyrirmyndar vinnustaður og sá hópur starfsmanna Norðuráls og HRV sem mynda hönnunarhóp verkefnisins hefur það að leiðarljósi. Þannig verður lögð rík áhersla á öryggismál strax í hönnunarferlinu. Umhverfissjónarmið verða í hávegum höfð bæði innan og utan álversins. Rekstraröryggi búnaðar er afar mikilvægt sem og allir verkferlar. Leitast verður við að nýta einungis tækni sem reynsla er komin á og hefur sannað sig. Þá er markmið að starfsmannaaðstaða verði til fyrirmyndar.“



Á nýju verkefnaskrifstofunum vinnur samsett teymi Norðurálsmanna og HRV verkfræðinga að því að hanna nýtt álver í Helgúvík. Unnið er skv. gildum og markmiðum sem eiga að tryggja að álverið verði fyrirmyndar vinnustaður.

Það er gott að vera eina konan

Á vöktum í kerskála starfa 16 liðsstjórar, fjórir á hverri vakt. Af þessum 16 liðsstjórum er aðeins ein kona. Sú heitir Dagrún Sigurðardóttir og starfar á D-vakt. Við tókum Dagrúnu tali.

“Ég hóf störf hjá Norðuráli 14. mars 2001 þegar fyrsta stækkunin fór fram. Þá var sett sú stefna að fjölga kvenfólki þannig að á hverri vakt væru að lágmarki 2 konur. Tvær skutlur mættu á D-vaktina en strax um haustið var ég orðin ein eftir. Þannig var það næstu 3 árin en mér líkaði ágætlega að vera ein með strákunum mínum, eins og ég kallaði þá”.

Eftir 3 ár hjá Norðuráli ákvað Dagrún að venda kvæði sínu í kross og breyta um starfsumhverfi: **“Ég flutti vestur í Ólafsvík og fór á skak frá Arnarstapa sem var meiriháttar ævintýri og um sumarið fór ég að vinna í saltfiski. Um haustið kom ég svo aftur suður og fór þá að vinna hjá Eimskip. Ég var haldin einhverri ævintýraþrá.”**

Ekki leið þó á löngu áður en Dagrún hóf aftur störf á D-vaktinni: **“Í byrjun árs 2005 kom ég til baka til Norðuráls. Á þeim tíma höfðu fleiri stúlkur verið ráðnar inn á vaktina og ég get ekki neitað því að það vottaði fyrir smá öfundsyki því þetta voru jú ennþá strákarnir mínir.”** segir Dagrún og hlær. **“En það lagaðist nú fljótt þar sem á þessum tíma fjölgaði fólki ört á vaktinni og hlutirnir breyttust.”**

“Í mars 2007 var mér boðið að prófa að taka við starfi liðsstjóra og deildi ég þeirri stöðu með öðrum út það ár. Eftir það var ekki aftur snúið og fljótlega var ég orðin liðsstjóri í A- og B-skála.”

Fram að þessu höfðu eingöngu karlar gegnt þessu starfi og segir Dagrún að skiptar skoðanir hafi verið um ráðningu hennar: **“Ég get**

ekki neitað því að það voru ekki allir sáttir með að það væri kominn kvenmaður inn í karlaveldið. En ég gaf ekkert eftir og í dag eru allir sáttir. Við stelpurnar getum þetta líka!”

Aðspurð um hvernig samstarfið við fólkið í kerskalanum gangi segir hún: **“Í dag á ég nýjan hóp sem ég kalla strákana mína en það eru strákarnir í A- og B-skálanum. Samstarfið gengur vel þó að vissulega geti komið erfiðir tímar inn á milli. Við tökum bara á málunum ef eitthvað kemur upp á.”**

En hvernig líkar henni starf liðsstjóra? **“Að vera liðsstjóri er bæði mjög krefjandi og þrælerfitt á köflum. Nokkrum sinnum hef ég sagt við sjálfa mig - jæja, nú er ég hætt, þetta er of mikið. En svona er lífið, stundum gott og stundum erfitt. Ég er í það minnsta ennþá liðsstjóri og gengur vel.”**

En hvernig er lífið fyrir utan vinnuna hjá Dagrúnu? **“Fyrir utan vinnutíma er nú yfirleitt ró og kyrrð í kringum mig. Ég nýti mér mikið sundlaugina á Skaganum og fer oft í göngutúra. Á sumrin finnst mér fátt skemmtilegra en að fara í veiði og reyni að gera eins mikið af því og ég get. Ég kann vel við mig út í náttúrunni í kyrrðinni með besta vininum. Það er góður pakki.”**

En hvernig sér Dagrún framtíðina fyrir sér? **“Ég vona að ég verði jafn hamingjusöm og ég er í dag og vonandi búin að eignast stóran pall. Það er stærsti draumurinn í dag”,** segir Dagrún og hlær og við þökkum fyrir spjallið.



Nýr framkvæmdastjóri 1. júní



Nýr framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála, Árni Stefánsson, hefur störf 1. júní. Hann vann áður hjá Landsneti sem er með einkaleyfi á raforkuflutningi. Árni hlakkar til að takast á við ný verkefni hjá Norðuráli. Hann er rafmagns- og rekstrarverkfræðingur og mun sú menntun örugglega nýtast vel í starfi. **“Það er alltaf gaman að takast á við nýja hluti og læra eitthvað nýtt. Þetta eru öðruvísi verkefni en ég hef áður starfað við og það er bara gaman”.** Árni situr ekki með hendur í skauti í frístundum því hann keppir í mótorkrossi og Euduro (þolakstur), klífur fjöll og stundar skotveiðar. **“Það er sjaldan dauð stund hjá mér—sem betur fer. Ég er forfallinn mótorkrossmaður og er í því með börnunum mínum. Nú um helgina keppti ég á Íslandsmótinu og lenti í 2. sæti í mínum aldursflokki. Það er virkilega gaman að stunda þetta sport og gefur mér mikið”.** Við bjóðum Árna velkominn til starfa!

STATTU Í FÆTURNA

Fæturnir eru undirstaða líkamans. Breytingar í uppbyggingu og starfssemi fótanna valda breytingum á líkamsstöðu og gangi, sem aftur getur leitt til verkja í fótum, herðum, höfði og æðakerfi.

Allt of margir hirða ekki fætur sína sem skyldi. Oft er þeim stungið ofan í of litla og þrönga skó allt eftir því hvernig tiskan er hverju sinni. Góð umhirða á fótum er heilsuvernd því fótamein hindra för og eykur á vanlíðan einstaklingsins.

Við fæðingu eru 98% með heilbrigða fætur. Í fætinum eru 26 bein og 33 liðir. Þetta er bundið saman með 214 liðböndum og 38 sinum og vöðvum. Þess vegna ber okkur að hugsa vel um þessar tvær undirstöður okkar og velja okkur skó sem eru fótvænir og sem dekra við fæturna. Í flestum tilfellum eru það skórnir sem eru vandamálið.

Okkur hættir til að bera ekki virðingu fyrir fótunum okkar. Það er eins og sumir haldi að það sé náttúrulegt að hafa auma fætur. Þá eru meðfæddir gallar s.s. barnaplattfótur, plattfótur og tábergssig, vandamál sem fólk gerir sér ekki grein fyrir og veit ekki hvað er til

Góð regla er fara árlega til fóttaaðgerðarfræðings þar sem þeir koma oft auga á ýmislegt sem betur má fara og geta jafnvel lagað hluti sem eru á byrjunarstigi. Þannig mætti koma í veg fyrir ýmis fótamein sem þjá fólk.

ráða.

Umhirða

Almennt hreinlæti er algjört skilyrði til að viðhalda heilbrigði húðarinnar. Þegar fæturnir eru þvegnir skal nota venjulega baðsápu og volgt vatn. Nauðsynlegt er að fæturnir séu þerraðir vel, sérstaklega á milli tanna. Ef raki verður eftir á milli tanna er mikil hættu á sveppasýkingu. Það bætir ekkert að vera lengi í fótabaði, við það verður húðin gljúp í fyrstu og síðan þurr sem eykur líkurnar á sárum og sprungum.

Með því að bera rakakrem á húðina eftir það stuðlum við að því að hún haldist heilbrigð. Forðast skal að bera krem á milli tanna þar eð svæðið er nógu rakt fyrir. Ef um mjög þykka og harða húð er að ræða

er ráðlegt að leita aðstoðar fóttaaðgerðarfræðings. Neglur haldast heilbrigðar ef þær eru klipptar eftir lögum tágómanna. Klipping einu sinni á 4-6 vikna fresti nægir venjulega. Forðist að klippa niður með nögglunum eða að klippa þær of nálægt kviku. Þær eiga að veita tánum vörn. Ef tilfinningin er þannig að neglurnar nuddist í skóinn þarf það ekki að merkja að neglurnar séu of langar heldur er líklegt að skórnir séu of stuttir. Gott er að nota naglabursta til að hreinsa dauðar húðfrumur og óhreinindi meðfram nögglunum og bursta þá frá naglrót og fram með nögglinni.

Góðir skór

Það er gríðarlega mikilvægt að huga vel að skóbúnaði og gott er að hafa eftirtalda punkta í huga:

- **Nógu breiðir skór þar sem fóturinn er breiðastur**
- **Nógu langir**
- **Sveigjanlegur skósóli**
- **Ekki of hár hæll**
- **Hælkappi á að sitja þétt að fæti**
- **Gott að skipta um skó til að hvíla fætur**
- **Ekki þrönga sokka**
- **Ekki nota skó án hælkappa eða hælbanda til lengri nota eða gangs. Fótstöðvar eru stöðugt spennir og eðlileg hreyfing getur ekki átt sér stað.**

Vissir þú ?

- Löggiltur fóttaaðgerðarfræðingur veitir heilbrigðis-þjónustu sem miðar að því að viðhalda heilbrigði fótanna. Starf fóttaaðgerðarfræðings felst m.a. í því að meðhöndla niðurgrónar neglur t.d. með spöngum, meðhöndla líkpörn, vörtur, harða húð og þykkar neglur.
- Fóttaaðgerðarfræðingur veitir faglega ráðgjöf t.d. varðandi skó, innlegg, siliconstöðhlífar, fótæfingar og krem.
- Í fótunum eru 250.000 svitakirtlar sem framleiða 250 ml. af svita á dag.
- Allt að 85% fótameina má rekja til óheppilegs skófatnaðar og harðs undirlags.

Höfum í huga

- Ganga er besta æfingin fyrir fæturna.
- Nýir skór eiga að passa – ekki gangast til.
- Veljum sokka sem hæfa aðstæðum.
- Látum mæla fæturna standandi, ef annar fóturinn er stærri veljum þá skóstærð í samræmi við stærri fótinn.

Hugsum vel um fæturna—það margborgar sig að



Vatn er eðal meðal

Gott er að drekka mikið vatn ef við erum hraust og nýrun starfa vel og eðlilega – sérstaklega ef við erum í miklum hita og átökum.





Mikið fjör og mikið gaman á fjölskyldudegi starfsmanna Norðurlás 12. júní kl. 13:00 - 17:00

Dagskráin hefst með því að Ragnar Guðmundsson og Gunnar Guðlaugsson bjóða gæsti velkomna og því næst koma hinir einu sönnu Gunni og Felix á svæðið!

Svo mæta Íþróttarálfurinn og Solla Stírða, Ingó og Vöðurguðirnir sem taka lagið ásamt Jóhönnu Guðrúnu. Einnig verður Sirkus Sóley, trúðar, töframaður og margt fleira á lífandi og skemmtilegum tótum.

Við bjóðum líka uppá heimasíðuð skemmtiatriði starfsmanna Norðurlás sem enginn má missa af.

Svo verða skoðunarferðir um verksmíðjuna, hoppukastalar, klifurveggar, hestar, listahorn og sitt hvað fleira skemmtilegt fyrir börnin.

Í sérstöku samkomutjaldi er boðið upp á kalda og heita drykki, kókuhleðborð, ávaxtahleðborð, kjúklingaspjöt, blátt popp, kokkar mæta og woksteikja á eldi kjúkling og grænmeti á meðan á hátíðinni stendur.

Frjár rútuferðir á fjölskylduhátíðina laugardaginn 12. júní

Fyrsta ferð frá Akranesi til NÁ er kl. 12:30 og svo á 30 mínútna fresti á milli Norðurlás og Akraness eftir það meðan hátíðin stendur. Farið er á heila og hálf tímanum frá Norðurlá.

Frá bensinstöðinni við Kríngluna í Reykjavík er farið klukkan 12:00 og aftur kl. 13:00 og stoppar sú rúta einnig hjá Select

við Vesturlandsveg og á KFC í Mestfellsbæ. Rútuferðir frá Norðurlá til Reykjavíkur verða kl. 16:00 og kl. 17:00.

Frá Hyrnni í Borgarnesi er farið kl. 12:30 og til baka frá Norðurlá kl. 17:00.

Við eigum von á miklum fjölda á hátíðina og hvetjum ykkur því til að nota rúturnar.

Akranes ferðir

Málningarbúðin:	+ 1 mín (yfir heilan og hálfan tíma)
Kaupþing	+ 2 mín
Landsbanki	+ 3 mín
Skaganesti	+ 5 mín
Garðabraut	+ 6 mín
Grundaval	+ 7 mín
Grundir	+ 8 mín
Leynisbraut	+ 9 mín



Láttu sjá þig og taktu fjölskylduna og vinina með. Skemmtum okkur saman og eigum frábæran dag!

Hlökkum til að sjá ykkur!



NORÐURÁL
Century ALUMINUM